

		inntak umsagnar	Viðbrögð
1	Reykjanes Geopark		
2	Minjastofnun Íslands		
3	Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja	Engar athugasemdir	engin viðbrögð
4	Umhverfisstofun	Frestur til 14. des	
5	Orkustofnun		
6	Vegagerðin		
7	Vegagerðin		
8	Landsnet	Engar athugasemdir	engin viðbrögð
9	Veðurstofa Íslands		
10	Veðurstofa Íslands		
		<p>Svæðið sem um ræðir er á nútímahrauni sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Það er innan svæðis sem er á náttúruminjaskrá. Jarðminjar á svæðinu, hraun, gígar og jarðhiti, eru metin með hátt verndargildi á heimsvísu, en frá síðustualdamótum hefur iðnaðarsvæðið verið að stækka og verndargildið rýrnað staðbundið samhliða auknum framkvæmdum og raski á jarðminjum. Þetta gerist þrátt fyrir að í svæðisskipulagi Suðurnesja 2008-2024 séu skýr ákvæði um að sérstæðar jarðmyndanir á heimsmælikvarða beri að vernda. Í aðalskipulagi Reykjanesbæjar segir einnig að forðast skuli að raska hverfisvernduðum svæðum. Að mati Náttúrufræðistofnunar er mikilvægt að unnið sé eftir þessum markmiðum og æskilegt væri að leggja mat á hversu mikla iðnaðaruppbyggingu svæðið í heild þolir áður en farið er af stað með varanlegt rask á merkjum jarðminjum sem jafnframt rýrir verndargildi svæðisins.</p>	<p>umhverfismat vegna framkvæmdanna er í vinnslu en eins og fram kemur í matsáætlun dags 29.09.2021 er fjallað um jarðmyndanir. https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Fundargerdir/umhverfis_skiplagsrad/2021/279/08.-26.09.2021-matsaetlun-eldisgardur.pdf</p>
11	Náttúrufræðistofnun Íslands		
12	Náttúrufræðistofnun Íslands		
13	Hafrannsóknarstofnun		
14	HS orka		
15	HS veitur		
16	HS veitur		

17	Landvernd		
18	Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands		
19	Landssamtök hjólreiðamanna		
20	Hestamannafélagið Máni		
21	Landeigendur Kalmanstjörn		
22	Landeigendur Kalmanstjörn		
23	Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja		
24	Isavia / Skipulagsn. Keflavíkurfl.v.	Engar athugasemdir	engin viðbrögð
25	Grindavíkurbær		
26	Vogar		
27	Suðurnesjabær		



Heilbrigðiseftirlit
Suðurnesja

Reykjanesbær
b.t. Gunnar K. Ottósson
Tjarnargötu 12
230 Keflavík

Reykjanesbær 8. desember 2022

Efni: Vinnslutillaga að breytingu aðalskipulags á iðnaðarsvæði I5

Vísað er til erindis Reykjanesbæjar, dags. 22. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar um vinnslutillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020-2035. Nánar tiltekið Iðnaðarsvæðið I5.

Í tillögunni kemur fram að ástæður breytinganna séu áform um uppbyggingu nýrrar fiskeldisstöðvar ásamt sláturhúsi, spenn- og dælustöð og hreinsistöð fráveitu. Aðkoma Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja að fyrirhugaðri starfssemi snýr að resktri sláturhúsa, hreinsistöð fráveitu og eftir atvikum spennistöðum í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Fisk- og seiðeldi heyra undir Umhverfisstofnun í samræmi við fyrrnefnda reglugerð.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja telur nægilega gert grein fyrir þeim þáttum sem embættið tekur sérstaklega til skoðunar og gerir ekki athugasemdir við vinnslutillöguna..

Virðingarfyllt,

J. Trausti Jónsson,
heilbrigðisfulltrúi.

Skrifstofa Reykjanesbæjar
b.t. skipulagsfulltrúa
Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbæ

skipulag@reykjanesbaer.is

09.12.2022
2022-05-66 / 0.11.2

Efni: Umsögn Landsnets um vinnslutillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020-2035

Landsneti barst þann 22. nóvember 2022 beiðni um að veita umsögn um vinnslutillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020-2035. Umsagnafrestur er til 8. desember 2022.

Landsnet hefur farið yfir gögnin sem fylgdu erindinu. Hlutverk Landsnets er með lögum nr. 65/2003 að annast flutning raforku og kerfisstjórnun. Í umsögn Landsnets er fyrst og fremst tekin afstaða til málefna sem snúa að því.

Rauðamelslína 1, sem er 132 kV loftlína á vegum fyrirtækisins, liggur að tengivirki við Reykjanesvirkjun sem er innan iðnaðarsvæðis I5. Einnig eru til skoðunar styrkingar á flutningskerfinu á svæðinu, skv. kerfisáætlun Landsnets. Skipulagsbreytingin felst í að iðnaðarsvæðið er stækkað til norðurs og heimild er sett fyrir nýjum aðkomuvegi frá Nesvegi. Engin breyting er gerð á ákvæðum um helgunarsvæði raflína sem tilgreind eru í köflum 3.3.4 og 3.3.6 í gildandi aðalskipulagi.

Landsnet telur ekki líklegt að stækkun iðnaðarsvæðis I5 hafi áhrif á ofangreinda háspennulínu eða mögulegar styrkingar flutningskerfisins á svæðinu.

Virðingarfyllt

Einar Snorri Einarsson
Framkvæmdastjóri Stjórnunarsviðs

Reykjanesbær
Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbær

Garðabær, 7.12.2022
Málsnúmer: 202211-0033
IAS

Efni: Umsögn um vinnslutillögu að aðalskipulagsbreytingu í Reykjanesbæ.

Vísað er til tölvupósts frá skipulagsfulltrúa Reykjanesbæjar þann 22. nóvember síðastliðinn, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um vinnslutillögu að aðalskipulagsbreytingu í Reykjanesbæ.

Áform eru um nýja fiskeldisstöð á svæði vestan við Reykjanesvirkjun í Auðlindagarði HS Orku sem kalla á breytingu á aðalskipulagi. Í matsáætlun fiskeldisstöðvarinnar eru tveir valkostir til skoðunar, norðurlóð og suðurlóð. Fyrirhugað er að stækka iðnaðarsvæði 15 um 48,3 ha á milli orkuversins og sjávar og að leggja nýjan aðkomuveg frá Nesvegi að svæðinu norðanmegin. Þessi fyrirhugaða stækkun nær yfir báða valkostina og felur í sér breytta landnotkun; svæði sem nýtur hverfisverndar og er skilgreint sem óbyggt svæði verður eftir breytingu iðnaðarsvæði.

Svæðið sem um ræðir er á nútímahrauni sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Það er innan svæðis sem er á náttúruminjaskrá sem aðrar náttúruminjar (svæði 106, sjá: <https://ust.is/nattura/naturuverndarsvaedi/naturuminjaskra/sudvesturland/>) og innan svæðis sem var tilnefnt á náttúruverndaráætlun 2004-2008 (<https://utgafa.ni.is/skyrslur/2002/NI-02019.pdf>). Jafnframt nær það inn á svæðið Öngulbrjótisnef sem Náttúrufræðistofnun tilnefndi á B-hluta náttúruminjaskrár árið 2018 sem verndarsvæði vegna fjöruvistgerða (<https://www.ni.is/is/midlun/naturuminjaskra/ongulbrjotsnef>).

Jarðminjar á svæðinu, hraun, gígar og jarðhiti, eru metin með hátt verndargildi á heimsvísu, en frá síðustu aldamótum hefur iðnaðarsvæðið verið að stækka og verndargildið rýrnað staðbundið samhliða auknum framkvæmdum og raski á jarðminjum. Þetta gerist þrátt fyrir að í svæðisskipulagi Suðurnesja 2008-2024 séu skýr ákvæði um að sérstæðar jarðmyndanir á heimsælikvarða beri að vernda. Í aðalskipulagi Reykjanesbæjar segir einnig að forðast skuli að raska hverfisvernduðum svæðum. Að mati Náttúrufræðistofnunar er mikilvægt að unnið sé eftir þessum markmiðum og æskilegt væri að leggja mat á hversu mikla iðnaðaruppbyggingu svæðið í heild þolir áður en farið er af stað með varanlegt rask á merkjum jarðminjum sem jafnframt rýrir verndargildi svæðisins.

Virðingarfyllt,
Ingvar Atli Sigurðsson,
jarðfræðingur



Reykjanesbær
Gunnar Kr. Ottósson, skipulagsfulltrúi
Tjarnargötu 12,
230 Reykjanesbæ

Keflavíkurflugvelli 07. desember 2022

Efni: Aðalskipulagsbreyting í Reykjanesbæ. Iðnaðarsvæði I5 Reykjanesi. Umsögn skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar hefur mótttekið erindi dags. 22.11.2022 frá Reykjanesbæ vegna vinnslutillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020 - 2035. Iðnaðarsvæðið I5 á Reykjanesi er stækkað og heimilt byggingarmagn aukið skv. uppdrætti og greinargerð VSÓ ráðgjöf dags 16. nóvember 2022.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar tók erindið fyrir á fundi sínum 5.12.2022. Bókun fundarins er:

Breyting á aðalskipulagi Reykjanesbæjar. Iðnaðarsvæði I5 á Reykjanesi

Lagt var fram erindi Reykjanesbæjar, dags. 22.11.2022, þar sem óskað er umsagnar skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar um vinnslutillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020-2035. Iðnaðarsvæði I5 er stækkað og heimilt byggingarmagn er aukið skv. meðfylgjandi uppdrætti, dags. 16.11.2022.

Skipulagsnefndin gerir ekki athugasemdir við skipulagsbreytinguna.

Þessu er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,



Sveinn Valdimarsson
Skipulagsfulltrúi Keflavíkurflugvallar

Afrit: Eiríkur Bjarnason, SNKEF
Guðmundur Björnsson, SNKEF